

Alþingi
Erindi nr. P 139/910
komudagur 10.12.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 10. desember 2010

Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) til Efnahags- og skattanefndar Alþingis vegna þingskjals nr. 227, 208. máls, 139. löggjafarþingi, 2010-2011.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Almennt – þörf fyrir ný og einfaldari heildarlög um virðisaukaskatt

Hagsmunasamtök heimilanna hafa skoðað umrætt lagafrumvarp til breytinga á virðisaukaskattslögum og þær lagagreinar sem því er ætlað að breyta. Að lokinni þeirri skoðun hafa samtökin ekki miklar skoðanir á frumvarpinu. Ástæðan er að breytingarnar snúa mest að tæknilegum atriðum tengd rekstraraðilum og hafa almennt ekki stórkostleg áhrif á rekstraraðstæður eða verðlagningarákvarðanir þeirra. Þannig tengjast breytingarnar ekki verulega almenningi eða heimilum landsins. Á heildina litið er frumvarpið þó væntanlega til hagsbóta fyrir almenning í landinu, með því að festa aukist og skattskil batni, en vonandi síðasta breyting við þessi margbreyttu lög, eins og gerð er nánari grein fyrir hér á eftir.

En samtökin hafa ákveðna skoðun á sjálfum lögnum um virðisaukaskatt. Sannast sagna eru löggin flókin, alls ekki auðlesin. Í þeim eru í fyrsta lagi ekki tilgreindir sjálfsagðir þættir, svo sem skýr almenn markmið / tilgangur laganna – hverju þeim sé ætlað að ná fram. Í löggin vantar skýrleika, þau innihalda langar og flóknar upptalningar, með alls konar undantekningum, þannig að lesandinn tapar auðveldlega þræðinum og yfirsýninni. Það er óásættanlegt, þetta eru lög sem til dæmis fjölmargir minni rekstraraðilar og einyrkjar þurfa að hlíta og geta skilið.

Margbúið er að sauma við löggin ýmsar viðbætur og breytingar. Samkvæmt lagasafninu á vef Alþingis virðist vera búið að gera yfir 50 breytingar á lögnum! Og það á nú enn að gera, og auka flækjustigið, svo sem með innskotum nýrra A og B greina aftan við 27. grein. Löggin telja nú um 50 tölusettar greinar, auk 15 bráðabirgðaákvæða, útprentuð telja þau 21 A4 blaðsíður. Fyrir utan svo reglugerðir - fjölmargar!

Þetta er allt of flókið. Meira að segja eru dæmi um að erfitt sé að fá skýr svör um einstök álitamál frá sérfróðu starfsfólki ríkisskattstjóra.

Færa þarf þessi lög yfir á skiljanlegt leikmannamál. Þannig myndi til dæmis fólk frekar treysta sér til að stofna til og stunda sjálfstæðan atvinnurekstur án þess að þurfa að kaupa dýra sérfræðipjónustu. Þjóðfélagið þarfnast meira frumkvæðis almennings í atvinnusköpun. Til að stuðla að því þarf meðal annars að létta á kerfisflækjum, þannig að minni tími og kostnaður fari í kerfismál og tækniatriði, en meiri í kjarnastarfsemi – þannig að framleiðni aukist í þjóðfélaginu.

Þegar skoðuð er umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er hægt að sjá að ríkissjóður er talinn hafa orðið af miklum fjárhæðum, vegna vandamála við að framfylgja lögum um virðisaukaskatt. Þetta er algerlega óásættanlegt, því ekki síður hafa þá kaupendur vöru og þjónustu tapað. Kaupendurnir hafa greitt vörsluskatta til seljendanna, sem þeir hafa svo ekki

skilað til ríkisins. Hvað með samkeppnisgrundvöll og jafnræði milli rekstraraðila við slíkar aðstæður?

Og hvað með breytinguna sem lögð er til í 9. grein, heimildarákvæði til ríkisskattstjóra um niðurfellingu af virðisaukaskattsskrá ef rekstraraðili hefur í tvö ár sætt áætlunum samfelld í tvö ár eða lengur. Jákvætt að geta brugðist við. En er þetta ekki allt of langur tími, áður en „heimild“ skapast. Og hvers vegna heimild en ekki skylda?

Almennt má segja að svo virðist sem lög um virðisaukaskatts hafi verið orðin úrelt og það jafnvel fyrir alllöngu. Þetta má sjá af 10. grein breytingafrumvarpsins, þar sem „rannsóknarlögreglustjóra ríkisins“ er skipt út fyrir „ríkislögreglustjóra“. Rannsóknarlögregla ríkisins (RLR) hefur ekki verið starfrækt árum saman – hvað veldur því að slíku atriði í þessum lögum var ekki breytt við þá kerfisbreytingu á sínum tíma?


Og svo virðist sem innbyrðis lagatilvísun hafi verið röng – sjá 5. grein breytingalaganna – í athugasemdum kemur að sú skekkja sé síðan við lagabreytingu á árinu 1996 – fyrir 14 árum! Þetta er hreint ekki traustvekjandi.

Allt styður þetta við það sjónarmið að skrifa þurfi ný heildarlög um virðisaukaskatt, sem taki fyrst og fremst mið af því að einfalda, skýra og efla virkni virðisaukaskattskerfisins. Lögin hefjist á skýrum tilgangi / markmiðum, einfaldleika, skýrri framkvæmd og skilvirkni. Lögin tryggi að sem minnst vinna hljótist af virðisaukaskattskerfinu fyrir þá sem innheimta skattinn fyrir ríkið (án nokkurrar þóknunar), varðveita og skila honum til ríkisins – og einnig fyrir þá sem taka við og hafa eftirlit með skilum og framkvæmd. Þeir síðarnefndu hafi samkvæmt lögunum sterk og góð verkfæri til að grípa fljótt og vel inn í ef rekstraraðilar standa sig ekki í skýrsluskilum og uppgjörum.

Hagsmunasamtök heimilanna telja að ofangreint væri mjög þakklát og verðmæt vinna af hálfu Alþingis og hvetja til að hún sé unnin í beinu framhaldi af samþykkt þessarar breytingar, í stað enn fleiri breytingalaga, nú þegar þetta skattkerfi nálgast þrjátíu og þriggja ára aldurinn.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is



Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Arinbjörn Sigurgeirsson, ritari